

# VERKAMAÐURINN

Ritstjóri: Halldór Friðjónsson.

II. árg.

Akureyri, Fimmtudaginn 27. Nóvember 1919.

43. tbl.

## Framtíðarútlitið.

Alþingiskosningar eru afstaðnar, og fréttir komnar úr flestum kjördæmum um það, hvernig þær hafa fallið. Verkamaðurinn spáði því í haust, að kosningarnar mundu verða nokkuð á ringulreið, og sú hefir líka orðið reynslan. Útlitið virðist benda á, að fjórir nokkurnveginn jafnstærkir flokkar skipi næsta þing og því litlar líkur til að takast megi að mynda stjórn, sem styðjist við samfeldan og samhentan meiri hluta í þinginu. Verður þetta að teljast hið mesta mein, því sjaldan hefir oss legið meira á því að fá sterka stjórn en einmitt nú. Hvort þingmenn vekja upp eitthvert sérstakt mál í þingbyrjun, sem hægt verður að afla fylgis meiri hluta þingmanna og mynda stjórn í tilliti til þess, verður ekkert sagt um; þó væri það mál á leiðinni út úr þeim ógöngum, sem blasa nú við. En er nokkurt útlit til þessa? Ekki er hægt að búast við að ágreiningur verði um stjórnarskrármálið. Það siglir sjálfsagt í höfn með óskiftu liði. Fossamálið er á því stigi nú, að traudla er hægt að vænta þess, að þingmenn geti þegar í þingbyrjun tekið ákveðna afstöðu í því, svo veigamikla og ákveðna, að það geti dregið til verulegrar samvinnu um málið.

Skattamálin eru líka svo illa undirbúin, að um þau geta þingmenn illa skipað heild á næsta þingi. Skattakerfinu þarf að breyta og það kostar langan undirbúning og athugun. Þá verður ekki séð, að sá fjármálaforingi sé nú í hóp þingmanna, sem nokkrar líkur séu til, að safnað geti svo stórrí sveis þingmanna utan um sig, að hann fengi 'bolmagn til að mynda stjórn, með það aðal stefnuskrármál, að koma lagi á fjármál ríkisins yfirleitt. Til þess að slíkt geti fyrir komið, eru flokkarnir of sundurleitir, meðan að minsta kosti sumir þeirra, hafa ekki losað af sjer gömul bönd og úrelt.

Þá er líka eitt enn, að tímenn þar til næsta þing á að koma saman, er svo stuttur, að um undirbúning mála er ekki að tala. Það virðist því alt benda á að næsta þing verði hálfgerð vandráðþing, áhriflitið og fái ekki afkastad miklu, ekki síst þar sem það ekki verður fjárlagaþing.

Áð öðru leiti verður fróðlegt að sjá, á hvern hátt hinir nýkosnu fulltrúar þjóðarinnar ráða fram úr þeim málum, sem fyrst liggja fyrir. Vér skulum vona að þeim takist það á giftusamlegan hátt. Svartsýni og óþarfa ótti er líka skaðlegur.

## Blöndal og bannmálið.

Ritstjóra »Fram« hefir orðið þína bumbult af grein minni: »Lindal og bannmálið,« er Verkamaðurinn flutti fyrir skömmu, það sýnir ritstjórargrein í »Fram,« sem kom fyrir augu almennings daginn fyrir síðustu alþingiskosningar. Það er víst sameiginlegt einkenni allra andlegra og líkamlegra letingja, að þegar þeir reiðast, eru þeir allra manna óðastir og illvígastir. Rótið sem kemst á blóð þessara lognmollukúfa, virðist raska öllu eðli þeirra svo, að þeir geti ekki haft stjórn á orðum og athöfnum. Hvort ritstjórinn að »Fram« á eitthvað sammerkt með þessum mönnum, skal eg láta ósagt, en eitt er víst, að skynsemi og réttisýni hafa ekki haft aðgang að huga

hans, meðan hann reit fyrnefnda grein, annars hefði hún litið öðruvísi út.

Eg hefi verið að velta því fyrir mér undanfarna daga, hvort eg ætti að fást við þetta óhreininda afkvæmi — það er hálfgerð sódaverk. En af því eg varð til þess að hafa endaskifti á sálarro ritstjórans, finst mér eg verði að skýra afstöðu mína dálítið nánar til þessa máls, og bæta því við, sem gjarnan hefði mátt fylgja fyrri grein minni, þeirra vegna sem hugsa og starfa að bannmálinu á heilbrigðum grundvelli.

Ritstjórargreinin, sjálf þarfnast ekki svars. Svo langt vikur hún frá öllum sannleika og heiðarleik í framkomu, að engum skynbærum manni verður að taka tillit til hennar. Hitt hlýtur aftur að slá óhug á menn, að höfundur hennar skuli vera einn af leiðtogum þjóðarinnar, eða réttara sagt, skuli ætla sér að vera leiðtogi hennar. Það er sorglegt tákni mistaka þeirra manna, sem standa að útgáfu blaðsins.

Sophus Blöndal segir að margir heiðarlegir bannmenn vilji taka höndum saman við andbanninga og fá þjóðaratkvæði um bannlögin, og gefur í skyn að þeir aðhyllist ríkiseinkasölu á áfengi frekar en núverandi ástand. Þetta er ekki rétt frekar en annað hjá hr. ritstjóranum. Bannmenn fylgja ekki ríkiseinkasöluhugsjón andbanninga, af þeirri einföldu ástæðu, að með henni eru allar undirstöður áfengisbannsins brotnar. Grundvallarhugsjónin, sem stendur á bak við bannlögin er sú, að útrýma áfengisnautn úr landinu. Ríkiseinkasala á áfengi ríður algerlega í bág við þá hugsjón, og er því ekkert annað en grimuklæddur böðull bindindis og bannstefnunnar. Og þar sem hægt er að færa rök fyrir því, að einkasalan getur alls ekki bætt úr lögbrotum, eins og síðar mun sýnt verða, hafa bannmenn einhuga snúist gegn henni. Hitt er annað atriði málsins, að bannmenn eru óhræddir við að láta þjóðina fella atkvæði í bannmálinu aftur, sé það lagt fyrir hana á heiðarlegan hátt, eða á líkan hátt, og eg benti á í grein minni: Lindal og bannmálið.

Ríkiseinkasölu á áfengi fylgir auðvitað afnám bannlaganna. Áfengisstraumnum er aftur veitt inn í landið og öllum þeim hörmungum, sem yfir eitt þjóðfélag geta komið af völdum áfengisnautnarinnar, en einkasalan bætir að engu leyti úr lagabrotum og öðru illu sem bannlögunum er nú kent um.

Hvernig var ástandið áður en bannlögin gengu í gildi? Var þá áfengissölu löggjöfin aldrei brotin? Jú, hún var brotin og það í stórum stíl. Sú eina freisting að afla ódýrara áfengis á ólöglegan hátt, en þess er vinsalarnir höfðu að þjóða, leiddi til tíðra lögbrota. Áfengi var smyglað inn í landið hvenær sem færi gafst.

Það er engin ástæða til að ætla, að þeir sem nú óhlýðnast bannlögunum, virtu einkasöluákvæðin nokkurs meira. Fyrri ára reynsla virðist síst benda í þá átt. Og hver er þá vinningurinn?

Eg skal játa það, að ekki er að undra þó andbanningar verji þessa þrautalending sína, einkasölu-tillöguna, til þess ýtrasta. Yfir henni hvílir ofurlitill vonarglampi ennþá. En þeir fara engu síður villir vegar í viki þeirri en annarsstaðar. Þessi tillaga þeirra á jafnóskýlt við bjargráð og allar aðrar tillögur þeirra í áfengismálinu áður. Þessvegna á hún ekki að fá neina fylgismenn.

En hversvegna kemur ríkiseinkasölu tillagan fram, einmitt á þessum tímum? Er það tilviljun ein?

Því miður er það ekki. Eg segi því miður, af því það er hart að kannast við það, að alt bendi á að

til séu menn, sem sitja á svikráðum við þjóðina. Það bendir á meiri spilling en öll bannlagabrot, þó þeim sje síst bót mælandi. Ríkissjóður er í fjárþröng. Atvinnuvegir þjóðarinnar og almenningur stynja undir sköttum og tollum. Ríkiseinkasalan á áfengi á að gefa tekjur í ríkissjóðinn. Fyrir þeirri freistingu á þjóðin að falla. Hvað mundum við segja um mann, sem vildi fá hungraðan samferðamann sinn til að neyta heilsuspillandi fæðu? Mér verður nærri að jafna framkomu andbanninga í ríkiseinkasölu málinu við aðfarir slíks manns. Þessvegna tók eg pennan og reit fyrri grein mína.

Eg taldi skyldu mína að vara við slíkum mönnum, hvort sem þeir væru staddir á þeirri óheilabroti í hugsunarleysi, eða af ásettu ráði. Og af þeirri ástæðu einni tók eg svo hörðum tökum á B. Lindal sem þingmannsefni, en ekki af því að eg beri persónulegan kala til hans.

Mér finst að þeir tímar, sem nú ganga yfir þjóðina, heimti alt annað frekar, en við leggjum aftur á okkur þá fjötra, sem bannlögin þó hafa að mestu leyti losað af okkur.

Læt eg svo úttalað um þetta mál að sinni, hvort sem þessi orð mín verða til þess að snúa skrápnum út á ritstjóra »Fram« í annað sinn, eða ekki.

23/11 '19.

Bannmaður.

## Útlendar fréttir.

Forsætisráðherrann danski hefir lagt fram grundvallarlagabreytingar. Eftir þeim á atkvæðisréttur til Fólksþingsins að vera miðaður við 21 árs aldur, og til Landþingsins 25 ára. Lögræði bundið við 21 árs aldur. Þingmönnum fjölgi.

Þingið í Washington hefir felt fyrirvara Republika viðvíkjandi friðarsamningunum.

Bandamenn hafa viðurkennt umráðarétt Noregs yfir Spitzbergen.

Hewart ríkisákærandi hefir fengið umboð til að höfða mál á hendur Vilhjálmi keisara.

Gunnar Gunnarsson hefir fengið utanfararstyrk Anchers.

Kolaverkfallið heldur áfram í New York.

Pólverjum leigð Galísía í 25 ár.

Her Judinitsch reynist einkis nýtut.

## Innlendar fréttir.

Fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir næsta ár telur gjöld um tvær miljónir. Aukaútsvör áætluð 1 milj. og 700 þúsund.

Húsveggur hrundi á mann — Svein Sveinson — og beið hann þegar bana.

Kvennaskólanum í Rvík lokað um stundarsakir vegna skarlatstóttar.

(Fréttaritari V.m. Rvík.)